

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kratus Hvalfjörður

UMHVERFISSTOFNUN


Dags eftirlits	9.7.2014	Fulltrúi UST	Halla Einarssdóttir
Fyrirtæki	Kratus	Fulltrúi UST	
Heimili	Klafastaðavegi 4	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	4307002270	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Matthías Matthíasson	ÍSAT nr.	3832
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	64,355088 -21,788370

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í aukaeftirlit til að staðfesta úrbætur við fráviki frá fyrra eftirliti 2013 vegna geymslu saltkaka (gjallsands) utandyra.

Í eftirlitinu kom fram að hluti saltkakanna var enn geymdur bak við verksmiðjuhúsið.

Töluvert magn af finryki og síuryki var í sekkjum á lóðinni og einungis hluti þess í gánum.

Auk þess voru plastkör með kerbrotum og öðrum úrgangi á bak við verksmiðjuna.

Magn áflaka sem geymd er á lóðinni aftan við verksmiðjuhúsið fer minnkandi.

Fráviki varðandi saltköku verður fylgt eftir í eftirfylgnimáli sbr. bréf frá 30.maí sl. og varðandi finryk í tengslum við eftirfylgni úr síðasta reglubundna eftirliti sbr. bréf frá 18.júní sl. og 24.júní sl.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var gengið um lóð fyrirtækisins.

Saltkaka var að mestu farin af svæðinu. Tveir gómar stóðu opnir með saltkökukeilum og fyrir aftan hús var haugur af saltköku sem rekstraraðili fullyrti að væri hreint ál. Efnagreina þarf efnið til að ganga úr skugga um að um hreint ál sé að ræða eða að öðrum kosti ber rekstraraðila að flytja efnið í viðeigandi geymslu.

Finryk og síuryk er í sekkjum víða á verksmiðjulóðinni. Hluti þess er geymdur í opnum gánum sunnan við verksmiðjuhúsið en hluti þess er aftan við verksmiðjhús og norðan við verksmiðjuna. Sekkirnir voru misvel lokaðir og því hætta á foki frá þeim og ekki varðir fyrir raka.

Plastkör með annars konar úrgangi t.d kerbrotum ofl. var einnig fyrir aftan verksmiðjuhús.

Álflok voru í haug aftan við verksmiðjuhúsið en haugurinn fer smátt og smátt minnkandi þar sem að rekstraraðili hefur fundið leið til að minnka umfang flakanna svo unnt sé að koma þeim í ofninn til endurbræðslu.

ATHUGASEMDIR

Töluvert magn af finryki (sigtað frá álgjalli) og síuryki (úr pokahreinsivirkjum) var enn á lóð fyrirtækisins þegar eftirlitið fór fram. Rykið er geymt í sekkjum og hluti þess í opnum gánum. Efnagreiningar á finrykinu gefa til kynna að það ber að flokka í úrgangsflokk EWC 10 03 16, samþykkt af UST 25.6.2014.

Rykið skal geyma á þann hátt að ekki skapist mengunarhætta af, hvorki m.t.t. raka né hættu á foki.

ANNAÐ

Minnt er á að rekstraraðila ber að tryggja að ástand gáma undir finryk sé saltköku sé viðunandi svo að efnið sé vel varið fyrir raka.

Reykjavík, 13.08.2014


Halla Einarssdóttir

Halla Einarssdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á íþágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.